



Skýrsla landsliðsnefndar LH



Landsliðsnefnd LH var skipuð af: Pjetur N. Pjetursson formaður, Þórir Örn Grétarsson, Finnur Ingólfsson, Haukur Baldvinsson, Jóna Dís Bragadóttir og Sigurbjörn Bárðarson (sem dró sig út úr nefndinni þegar hann ákvað að fara í úrtöku fyrir HM).

Páll Bragi Hólmarsson var liðsstjóri og voru honum til aðstoðar: Hugrún Jóhannsdóttir, Þórarinn Eymundsson, Elvar Einarsson og Heimir Gunnarsson.

Aðalverkefni nefndarinnar og liðsstjóra 2015 var HM í Herning í Danmörku.

Undirbúningur fyrir HM2015 hófst að fullu fyrir um ári síðan, eftir áramót fundaði landsliðsnefnd ásamt landsliðsþjálfara og starfsmanni LH vikulega fram að móti en þessir sömu aðilar áttu í annarskonar samskiptum nánast daglega. Mestur undirbúningur fór í að fjármagna ferðina, finna styrktaraðila og velja liðið.

Haldnir voru tveir stór viðburðir til að afla peninga og gekk það vel.

Val á landsliðinu fór fram á sérstöku úrtökumóti sem haldið var 10. – 14. júní. Þar voru fjórir knapar og hestar sem unnu sér rétt til að keppa á HM. Á Íslandsmóti sem haldið var í júlí voru aðrir knapar og hestar valdir, ásamt þeim knöpum sem staðsettir eru erlendis. Liðið var fullskipað og kynnt fjölmiðlum og almenningi miðvikudaginn 15. júlí, tæpum þremur vikum fyrir mót.

Undirbúningur landsliðsins gekk vel, fyrir utan að einn hestur sem valinn hafði verið fór ekki í gegnum dýralæknisskoðun hérna heima og annar dró sig úr keppni. Þá bættist nýr landsliðsknapi við liðið nokkrum dögum fyrir mót sem átti eftir að gera mjög góða hluti.

Jóhann Ingi Gunnarsson sálfræðingur hitti liðið tvisvar sinnum til að hrista hópinn saman og styrkja liðsheildina, en það var umtalað á mótinu hversu samrýmdur og flottur íslenski hópurinn var. Gleðin og sjálfstraustið geislaði af þeim svo þetta mun verða fastur liður í undirbúningi landsliðsins hér eftir.

Breyting sem gerð var á þjálfarateymi ásamt breytingum í undirbúningi og framkvæmd á mótssstað teljum við að hafi verið stór þáttur í að skilaði þeim árangri sem náðist. Hópurinn var mjög samstilltur og ákveðinn að ná fram markmiðum sínum. Liðsstjórateymið hélt vel utan um alla hnúta og fylgdi hverjum keppanda eftir af natni, enda skilaði það besta árangri íslensku keppendanna um árabíl.

Sú nýbreytni var tekin upp að vera í góðu samstarfi við Félag Hrossabænda og var Heimir Gunnarsson þeirra fulltrúi landsliðinu til aðstoðar og var það samdóma álit allra að þetta væri mjög gott og skilaði sýnilega betri árangri í kynbótasýningunum. Allt utanumhald og aðstoð við kynbótaknapana og kynbótahrossin var til fyrirmyndar.

Áður en haldið var út til Danmerkur á HM mættu allir knaparnir (sem búa á Íslandi) með hrossin sín á Árbakka þar sem liðstjóri og hans aðstoðarfólk fóru yfir málin þ.s. farið var yfir hvað mætti laga og bæta fyrir stóru átökin á HM og var sýnilegt að mörg hrossin bættu sig til muna því eins og máltækið segir: "Betur sjá augu en auga".

Ungmennum sem hugðust taka þátt í úrtöku fyrir HM var boðið uppá námskeið í aðdraganda mótsins og voru þau aðstoðuð í hvívetna til að undirbúa þau frekar undir þá hörðu keppni sem beið þeirra.

Íslenska sveitin var með dýralækni að störfum alla mótsdagana sem var vakin og sofin yfir heilsu hestanna. Hann mætti kl. 5:00 upp í hesthús á morgnana til að taka stöðuna á öllum hrossunum og gaf þeim morgungjöf. Ekkert hross sem fór út til Herning heltist úr keppninni og voru hrossin frísk og glöð og tilbúin í þann hörkuslag sem beið þeirra. Allir knapar og hestar voru heilir heilsu eftir þessa skemmtilegu en miklu keppni á Heimsmeistamótinu í Herning.

Miklar væntingar voru til landsliðsins og stóðu hestar og knapar vel undir þeim. Liðið landaði dýrmætum heimsmeistartitlum og mátti mjög vel við una.

Undirbúningur fyrir NM 2016 og HM 2017 er þegar komin á fulla ferð.



Árangur:

Gullverðlaun

T1 - Kristín Lárusdóttir og Pokki frá Efstu-Grund, 8,44

V1 - Guðmundur Björgvinsson og Hrímnir frá Ósi, 7,97

PP1 - Teitur Árnason og Tumi frá Borgarhóli, 8,50

F1 samanlagðar - Reynir Örn Pálmason og Greifi frá Holtsmúla

7 vetra stóðhestar - Glóðafeykir frá Halakoti, knapi Daníel Jónsson, 8,74

5 vetra stóðhestar - Andvari frá Auðsholtshjáleigu, knapi Árni Björn Pálsson, 8,49

7 vetra hryssur - Kengála frá Efri-Rauðalæk, knapi Agnar Snorri Stefánsson, 8,53

6 vetra hryssur - Garún frá Árbæ, knapi Guðmundur Björgvinsson, 8,62

Silfurverðlaun

T2 - Reynir Örn Pálmason og Greifi frá Holtsmúla, 8,13

F1 - Reynir Örn Pálmason og Greifi, 7,38

P2 - Styrmir Árnason og Neysla vom Schloßberg, 7,41 sek

T2 ungmenna - Jóhanna Margrét Snorradóttir og Stimpill frá Vatni, 6,38

F1 ungmenna - Gústaf Ásgeir Hinriksson og Geisli frá Svanavatni, 6,59

6 vetra stóðhestar - Svaði frá Hólum, knapi Árni Björn Pálsson, 8,63

5 vetra hryssur - Ríkey frá Flekkudal, knapi Guðmundur Björgvinsson, 8,42

Bronsverðlaun

P1 - Teitur Árnason og Tumi frá Borgarhóli, 21,52 sek

P2 - Bergþór Eggertsson og Lotus, 7,42 sek

V1 ungmenna - Guðmunda Ellen Sigurðardóttir og Týr frá Skálatjörn, 6,67

